

# Verklag um farsæld barna í Húnaþingi vestra

## 1. Tilgangur og meginmarkmið

Tilgangur verklagsins er að tryggja farsæld barna með samþættri, snemmtækri og markvissri þjónustu í samræmi við lög nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (hér eftir nefnd farsældarlög).

Verklagið byggir sérstaklega á eftirfarandi ákvæðum farsældarlaga:

- **1. gr.** um markmið laganna og heildstæða sýn á þjónustu í þágu barns.
- **3. gr.** um það að hagsmunir barns skuli ávallt hafðir að leiðarljósi.
- **4. gr.** um snemmtækan stuðning.
- **5.–7. gr.** um samþættingu þjónustu og samvinnu stjórnvalda.
- **10.–12. gr.** um hlutverk tengiliða, málastjóra og stuðningsteyma.

Markmið verklagsins er að:

- tryggja að hagsmunir barns séu ávallt í forgrunni (sbr. 3. gr.),
- skýra hlutverk og ábyrgð þeirra sem koma að málum barna (sbr. 5. og 10.–12. gr.),
- styðja við samfellda þjónustu þvert á kerfi (sbr. 5.–7. gr.),
- tryggja þátttöku barna og foreldra í samræmi við aldur og þroska barns (sbr. 3. og 8. gr.).

## 2. Grundvallarreglur

- Hagsmunir barns eru ávallt hafðir að leiðarljósi.
- Samráð og samstarf við foreldra og barn er meginregla.
- Þjónusta skal vera snemmtæk, aðgengileg og í réttu umfangi.
- Upplýsingamiðlun fer fram í samræmi við lög og með samþykki foreldra þegar við á.

## 3. Skipulag samþættrar þjónustu og stoðþjónustu

Verklag þetta byggir jafnframt á **Handbókum um stoðþjónustu í grunnskóla og leikskóla** og skal tryggja samræmi milli farsældarkerfis sveitarfélagsins og daglegs starfs skóla.

### 3.1 Stoðteymi skóla

Stoðteymi starfar innan skólanna sem hluti af **fyrsta stigs þjónustu samkvæmt farsældarlögum (4. gr.)**.

**Hlutverk stoðteymis:**

- Fylgjast með skráningu á grunnfærni, skimunum og niðurstöðum greininga.
- Vera ráðgefandi um úthlutun og skipulag stoðþjónustu í skólanum.
- Leggja til aðgerðir sem miða fyrst og fremst að **aðlögun námsumhverfis** áður en gripið er til einstaklingsbundinna úrræða.
- Tryggja að eftirfylgd sé markviss og skráð.

Stoðteymi fundar **mánaðarlega** og starfar eftir samræmdu verklagi við mat á þjónustubörf, í samræmi við stoðþjónustuhandbók.

### 3.2 Tengsl stoðteymis og nemendaverndarráðs

- Stoðteymi vísar málum til nemendaverndarráðs/fagteymis þegar gögn benda til **flóknari vanda eða þörf á annars stigs þjónustu**.
- Nemendaverndarráð/fagteymi fjallar um tilvísanir, ákveður næstu skref og tryggir samráð við foreldra.
- Nemendaverndarráð/fagteymi skipar málastjóra þegar þörf er á.

## 4. Þjónustustig samkvæmt farsældarlögum

Þjónusta í þágu farsældar barna skiptist í þrjú þjónustustig í samræmi við 4. og 5. gr. farsældarlaga.

### 4.1 Fyrsta stigs þjónusta – snemmtækur stuðningur og stoðþjónusta

Fyrsta stigs þjónusta felur í sér **almennan, snemmtækan og einstaklingsmiðaðan stuðning** og nær m.a. til stoðþjónustu í leik- og grunnskólum (sbr. 4. gr. farsældarlaga).

**Kjarni fyrsta stigs þjónustu:**

- Kerfisbundnar skimanir samkvæmt skimunaráætlun.
- Samfelld skráning á grunnfærni frá leikskóla til grunnskóla.
- Tímabundnar námsaðlaganir og styrking námsumhverfis.

#### **Verklag:**

1. Skimanir og grunnfærnisráning eru framkvæmdar og skráðar samkvæmt stoðþjónustuhandbók.
2. Stoðteymi greinir gögn og leggur til viðbrögð sem miða að aðlögun námsumhverfis.
3. Aðgerðir eru skráðar, útfærðar og fylgt eftir.
4. Ef framfarir nást ekki, er máli vísað til nemendaverndarráðs/fagteymis.

#### **4.2 Annars stigs þjónusta – markviss og samþættur stuðningur**

##### **Virkt þegar:**

- Þarfir barns eru flóknari eða krefjast samhæfðari þjónustu.

##### **Ferli**

- Tengiliður óskar eftir málastjóra hjá nemendaverndarráði/fagteymi.
- Málastjóri setur saman stuðningsteymi.
- Gerð er skrifleg stuðningsáætlun í samstarfi við foreldra og barn.

##### **Hlutverk málastjóra**

- Veita ráðgjöf og upplýsingar.
- Tryggja aðgang að mati eða greiningu eftir þörfum.
- Fylgja eftir framkvæmd stuðningsáætlunar.
- Upplýsa nemendaverndarráð/fagteymi um stöðu mála.

#### **4.3 Þriðja stigs þjónusta – sérhæfður stuðningur**

##### **Virkt þegar:**

- Farsæld barns er í verulegri hættu eða þörf er á sérhæfðri þjónustu.

##### **Þjónusta getur m.a. falist í:**

- Barnaverndarþjónusta.
- Þjónusta við börn með fötlun.
- Geðheilsþjónusta.

##### **Ferli**

- Málastjóri leiðir stuðningsteymi.
- Stuðningsáætlun er gerð og reglulega endurskoðuð.
- Áhersla á samfellda þjónustu og skýra ábyrgð.

#### **5. Þátttaka barna og foreldra**

- Börn fá tækifæri til að tjá sig í samræmi við aldur og þroska.
- Foreldrar eru virkir þátttakendur í allri ákvarðanatöku.
- Niðurstöður barnþings nýttar við þróun verklags og þjónustu.

#### **6. Miðlun og fræðsla**

- Kynningar- og fræðsluefni er að jafnaði unnið í samstarfi við nemendur.
- Efni er birt á heimasíðu sveitarfélagsins og samfélagsmiðlum.
- Áhersla á einföld, skýr og aðgengileg skilaboð.

#### **7. Flæðirit – farsældarkerfi og stoðþjónusta**

##### **1. Skimanir og skráning grunnfærni**

Leik- og grunnskóli framkvæmir skimanir samkvæmt skimunaráætlun í handbók.

↓

##### **2. Stoðteymi (fyrsta stigs þjónusta)**

- Greinir gögn.
- Leggur til aðlögun námsumhverfis.
- Skipuleggur tímabundnar aðgerðir.

↓

##### **3. Eftirfylgd og mat á árangri**

- Framfarir metnar.
- Aðgerðir aðlagðar eða felldar niður.

↓ (ef framfarir eru ófullnægjandi)

##### **4. Nemendaverndarráð/fagteymi**

- Fjallar um mál.

- Ákveður hvort vísa skuli áfram í 2. stigs þjónustu.



### 5. Málstjóri – annars stigs þjónusta

- Stuðningsteymi sett saman.
- Stuðningsáætlun unnin.



### 6. Þriðja stigs þjónusta

- Sérhæfð úrræði.
- Regluleg endurskoðun stuðningsáætlunar.

## 7. Framvinda þjónustu og úrræða

### 7.a – Þjónusta skilar árangri

Heldur áfram

Dregið úr stuðningi eða úrræðum eftir því sem við á.

### 7.b. – Þjónusta og úrræði skila ekki árangri

Nemendaverndarráð/fagteymi óskar eftir mati frá óháðum fagaðila.

- Stöðumat og lærdómur nýttur til umbóta.



Samþykkt af farsældarteymi í júní 2026